

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 REYKJAVÍK

17. mars 2002

Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) hafa borist lagafrumvörp til um-
sagnar:

A. *Um gróðurvinjar á hálendinu (breyting á náttúruverndarlögum)*
Stjórn SUNN lítur svo á að hér sé um gott mál að ræða.

✕ B. *Um náttúrustofur og gjalddöku (breyting á lögum nr 60/1992)*
Í þessu frumvarpi felast allmörg nýmæli en stjórn SUNN hefur þó einkum fjallað
náttúrustofur sem gert er ráð fyrir að geti tekið að sér eftirlit með náttúru landsins skv.
samningi sveitarfélaga, sem reka náttúrustofuna, og Náttúruverndar ríkisins. Enn-
fremur er gert ráð fyrir heimild til að stofnsetja tvær nýjar náttúrustofur, aðra á Norð-
austurlandi. (Þingskjal: www.althingi.is/altext/127s/0818.html)

Ef náttúrustofum verða í auknum mæli falin eftirlits- og fræðslustörf land-
varða þarf eftir sem áður að tryggja vandaðan undirbúning þeirra sem þessi störf
vinna. Stjórn SUNN hefur ekki borið saman ákvæði um landverði og landvörslu í
náttúruverndarlögum og ákvæði í því frumvarpi sem hér um ræðir, en telur nauð-
synlegt að huga að menntun landvarða, t.d. með skýrri reglugerð um efnið og nám-
skrá sem fara verður eftir við menntun þeirra sem taka að sér störf hjá náttúrustofum.
Einnig verður að vera skýr rammi utan um eftirlit með framkvæmd slíkra samninga
þannig að öruggt sé að skammtímasjónarmið ráði ekki ferðinni.

Stjórn SUNN sér ekki beinlínis ástæðu til að takmarka fjölda náttúrustofa.
Stjórn SUNN telur eðlilegt að athugað verði hvort staðsetning náttúrustofa við
þjóðgarða (Skaftafell, Snæfellsjökul) eða náttúruverndarsvæði (Mývatnssveit) geti
eftt bæði almenna starfsemi náttúrustofu og starfsemi viðkomandi þjóðgarðs,
náttúruverndarsvæðis eða friðlands, t.d. í formi gestastofu sem opin yrði árið um
kring. Öflugar náttúrustofur tengdar gestastofum verða með þessum hætti virk
byggðastefna, og því ekki rétt að takmarka fjölda þeirra svo mikið (við átta, þ.e. tvær
nýjar).

Stjórn SUNN telur einnig að hæpið sé að náttúrustofa á vegum sveitarfélaga
sé nægileg vegna þjóðgarða og náttúruverndarsvæða á borð við Mývatnssveit. Þar
þarf aukið fjármagn ríkissjóðs að koma til en einnig getur verið hæpið að varpa allri
ábyrgð á hendur mismunandi burðugum sveitarfélögum. Stjórn SUNN bendir á að
friðlýst náttúruverðmæti eru ekki bara „eign“ heimamanna, heldur og þjóðarinnar og
raunar mannkyns alls. Alþingi þarf t.d. að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga.

Virðingarfyllt
F.h. SUNN



Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður